

Nd.

238. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á veginum frá Markarfljóti til Vikur í Mýrdal.

Flutningsm.: Lárus Helgason, Gunnar Sigurðsson, Einar Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka næsta sumar akbrautarstæði frá Markarfljóti til Vikur í Mýrdal og gera áætlun um kostnað. Þar með sjeu teknar nauðsynlegar brýr á árnar, sem eru á þessari leið.

Greinargerð.

Mestur hluti af þessari leið er svo frá náttúrunnar hendi, að ekkert þarf til hans að kosta, og víða þarf litlar aðgerðir til þess, að góður bílvegur fáiist. Þeir kaflar af þessum vegi, sem nokkru verulegu þarf að kosta til, eru hverfandi stnttir, samanborið við vegalengd allrar leiðarinnar.

Aðalkostnaðurinn kemur til að liggja í brúnum á árnar, sem eru á þessari leið, og er þar einkum um að ræða Bakkakotsá, Skógá og Hafursá.

Yrði þessi leið gerð fær bifreiðum, þá bætti það mikið úr hinum erfiðu samgöngum um þau hjeruð, sem hjer er um að ræða.